



# Verslunarmannafélag Vestmannaeyja

Miðstræti 11 Vestmannaeyjum. Sími 13091. Fax 13036. Kt. 690975-2629

Vestmannaeyjum 12 apríl 1996

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/1500*

*komudagur 17.4 1996*

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Verslunarmannafélags Vestmannaeyja um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggöfinni og fylgir svar félagsins hér á eftir.

Verslunarmannafélag Vestmannaeyja lýsir undrun sinni á því að háttvirt Alþingi virði verkalyðshreyfinguna í landinu svo lítið sem raun ber vitni. Frumvarpið í heild sinni er hrein og klár niðurlæging gagnvart réttindum verkafólks.

Varðandi fyrstu 1. gr laganna um vinnustaðafélög vill Verslunarmannafélag Vestmannaeyja koma með örlítið dæmi, að vísu ekki mjög vísindalega unnið, en ætti þó að sýna hvaða áhrif þessi breyting gæti haft á félagið. Verslunarmannafélag Vestmannaeyja telur 165 félagsmenn, þar af vinna 3 stjórnarmenn hjá Kaupfélagi Árnesinga og 40 félagsmenn. Starfsmenn K.Á. eru samkvæmt upplýsingum um 400. Launþegar K.Á. í Vestmannaeyjum eru því 10% af heildarfjölda starfsmanna og hafa litla getu til þess að mótmæla stofnun starfsmannafélags innan þess fyrirtækis kæmi sú hugmynd upp. Verslunarmannafélag Vestmannaeyja á því yfir höfði sér nái þetta frumvarp fram að ganga, að 50% stjórnarinnar og 25% félagsmanna verði flutt nauðungarflutningum í starfsmannafélag K.Á. á Selfossi.

Á undanförunum árum hefur Verkalýðshreyfinginn unnið mikið starf í því að leysa þau vandamál sem upp koma á blönduðum vinnustöðum. Má þar nefna Ísal, Járblendiverksmiðjuna á Grundartanga, Áburðaverksmiðjuna í Gufunesi og Sementsverksmiðjuna.

Verslunarmannafélag Vestmannaeyja telur verkalýðshreyfinguna fullfæra um að sjá um sín innri mál, því skorum við á félagsmálanefnd að draga frumvarpið til baka og leyfa aðilum vinnumarkaðarins að semja í friði um sín samskiptamál.

Fyrir hönd  
Verslunarmannafélags Vestmannaeyja

*Guðrún Erlingsdóttir*  
Guðrún Erlingsdóttir formaður.